



Fangelsið Hólmsheiði

Umboðsmaður Alþingis
Þórshamri, Templarasundi 5
101 Reykjavík

7. desember 2021

Vísað er til skýrslu umboðsmanns, dags. 28. maí sl. þar sem óskað er eftir að umboðsmaður yrði upplýstur um viðbrögð Fangelsismálastofnunar og fangelsisins Hólmsheiði. Hér eru upplýsingar um helstu viðbrögð af hálfu fangelsisyfirvalda.

6. Inngrip, þvinganir og valdbeiting

Endurskoða þarf verklag við líkamsleit og sýnatöku til að gæta að því að einstaklingsbundið og heildstætt mat fari fram á nauðsyn slíkra athafa hverju sinni, í samræmi við meðalhófsreglur og kröfur sem leiðir af stjórnarskrá og mannréttindasjónarmiðum, eins og nánar er rakið í kafla 6.5.2 og 6.5.3. Þá skal leitast við að haga líkamsleit með þeim hætti að hún fari fram í áföngum.

Unnið er að því að breyta líkamsleitum þannig að þær fari fram í áföngum eins og talað er um í skýrslu. Er ætlunin að fjalla um og kynna þetta nýja verklag á fræðsludegi, en í nýju vaktkerfi er búið að smíða slíka daga inn í vaktkerfið og mun það byrja á næstu misserum. Hvað varðar líkamsleitir og sýnatökur verður leitast við að þær verði ekki framkvæmdar kerfisbundið án þess að heilstætt mat fari fram, þ.e. fyrst og fremst líkamsleitir eftir heimsóknir og sýnatökur við innkomu.

Endurskoða þarf verklag við ákvarðanatöku um öryggisvistun og leit í klefa þannig að þær ákvarðanir séu teknar af forstöðumanni og ákvörðunin beri það með sér.

Hvað varðar ákvarðanir um öryggisvistun þá hefur þegar verið bætt úr þessu þrátt fyrir að enn þá sé verið að leita lausna með rafrænum undirskriftum til að auðvelda málin þegar atburðir gerast utan skrifstofutíma.

Bæta þarf úr umbúnaði símtækis sem fangar nota til að eiga samskipti við lögmann, fulltrúa trúfélags eða lífsskoðunarfélags sem þeir tilheyra, opinberar stofnanir eða umboðsmann alþingis, þannig að tryggt sé að starfsfólk geti ekki hlustað á símtöl þeirra við þessa aðila.

Ekki hefur verið bætt úr þessu en til stendur að fara í greiningu á öllum rýmum fangelsisins með það að leiðarljósi að leysa ýmis praktísk mál, m.a. staðsetningu símtækis. Þá kemur einnig til greina að hafa símann á sama stað en útbúa einhvers konar símaklefa eða skilrúm.

7. Aðbúnaður

Gera þarf föngum kleift að sjá hvað tímanum líður meðan þeir dvelja í einangrun, m.a. svo þeim sé unnt að gæta að réttindum sínum í tengslum við vistunina.

Keyptar hafa verið klukkur sem einangrunarfangar geta fengið til sín ef þeir kjósa.

Taka þarf aðbúnað í klefum almennt til skoðunar með tilliti til öryggis þannig að fangar geti ekki skaðað sig eða aðra, s.s. með því að notast við rúllugardínur án snúru, skipta út snögum á baðherbergjum og huga að umbúnaði og frágangi miðstöðvarofna.

Fjórir klear í gæsluvarðhaldsálmunni eru ekki með miðstöðvarofnum heldur gólfhita auk þess sem þær hurðir opnast út. Eru þeir klear notaðir þegar einstaklingar eru í annarlegu ástandi. Sem stendur er unnið að frekari breytingum á þeim klefum í þeim tilgangi að erfiðara sé að skemma þá og skaða sig þar inni, t.d. með því að brjóta klósett, vask og glugga, sem hefur ítrekað gerst.

8. Öryggi

Leita þarf leiða til að lækka bilanatíðni tækjabúnaðar og koma í veg fyrir að blindpunktar séu í myndavélakerfi, t.a.m. með því að fjölga myndavélum eða breyta staðsetningu þeirra í sameiginlegum rýmum.

Þessi atriði eru í stöðugri skoðun í fangelsinu.

Endurskoða þarf verklag á vistunardeildum með það í huga að auka viðveru starfsfólks inni á deildum í samræmi við virkt öryggi.

Virkt eftirlit starfsfólks hefur aukist með breyttu vaktafyrirkomulagi þar sem fleira fólk er í húsi á háannatímum, m.a. með tilkomu tveggja fangavarda sem vinna einungis dagvaktir.

9. Virkni

Endurskoða verklag og daglegt skipulag með það í huga að fangar verði ekki af líkamsræktar eða útivistartíma vegna vinnu eða náms.

Þessu hefur verið breytt. Þeir fangar sem stunda vinnu og nám missa ekki af útivist.

Endurskoða þarf skipulag með það að markmiði að tryggja að einangrunarföngum standi til boða að hreyfa sig daglega ef ástand þeirra leyfir.

Einangrunarfangar fá að fara út tvisvar á dag í klukkutíma. Til stendur að bæta útivistaraðstöðu einangrunarfanga þannig að til staðar séu æfinga- og afþreyingartæki. Um kostnaðarsama framkvæmd er að ræða sem þarf að gera ráð fyrir í rekstraráætlun með góðum fyrirvara. Heildarkostnaður liggur ekki fyrir.

Að taka skipulag fangelsisins til skoðunar með það í huga að fangar sem stunda nám hafi aðgang að viðhlítandi námsaðstöðu, óháð kyni, og að mismunandi aðbúnaður náms feli ekki í sér mismunun á grundvelli kyns.

Unnið er eins vel og hægt er miðað við þær aðstæður sem eru. Ef fjöldi nemenda fer yfir ákveðinn fjölda getur þurft að notast við önnur rými en skólastofuna og þar sem konur eru í miklum minnihluta í fangelsinu hafa þær í einstökum tilvikum þurft að

læra á bókasafninu. Yfirleitt er þó hægt að skipuleggja námið þannig að allir séu í skólastofunni. Jafnframt er mönnum sem vilja stunda nám bent á að á Litla - Hrauni sé staðnám í boði og þeim bent á þeir geti óskað eftir flutningi á Litla - Hraun séu þeir í námshugleiðingum.

Taka til skoðunar hvort sú afþreying og vinna sem stendur til boða í fangelsinu taki með fullnægjandi hætti mið af því að viðhalda góðri virkni fanga og leita leiða til að bæta þar úr og auka fjölbreytni, innan þeirra marka sem húsnæði og eðli starfseminnar leyfir.

Eins og staðan er núna er næg virkni í boði fyrir þá sem hafa áhuga. Virknin mætti að sjálfsögðu vera fjölbreyttari og er stöðugt unnið að því að finna hentug verkefni sem henta. Vinna er í boði fyrir alla þá sem vilja alla virka daga.

10. Mönnun og starfsandi

Tryggja þarf að menntun og þjálfun starfsfólks sé í samræmi við áskilnað laga, þ.á.m. að settir eða skipaðir fangaverðir hafi lokið námi í fangavarðaskólanum eða sambærilegu námi og að fangaverðir í afleysingum hafi setið undirbúningsnámskeið í fangavörslu áður en þeir eru ráðnir.

Á hverju ári er undirbúningsnámskeið fyrir nýja fangaverði sem ráðnir eru í sumarafleysingar. Hvað varðar fangavarðaskólann þá er hann í gangi núna og er stefnt að því að útskrifa alla þá sem hafa verið starfandi í 1-3 ár og eru ekki búnir með nú þegar, alls 26 manns. Stefnt er að því að fangavarðanám verði í boði á hverju ári héðan í frá.

Veita þarf starfsfólki fangelsisins þjálfun í valdbeitingu og færi á að viðhalda slíkri þekkingu. Jafnframt þarf að tryggja að starfsfólk fái reglulega þjálfun í skyndihjálpi.

Eins og áður kom fram er búið að smíða inn í vaktakerfið fræðsludaga þar sem nægt svigrúm er til staðar til að sinna fræðslu og þjálfun. Er þjálfun í valdbeitingu og skyndihjálpi ofarlega á lista þar, en í haust var framkvæmd skoðanakönnun á meðal starfsmanna þar sem þessi atriði voru efst á lista.

11. Heilbrigðisþjónusta

Að leita leiða til að gera föngum kleift að bera upp erindi sín við heilbrigðisstarfsfólk í trúnaði, t.d. milliliðalaust eða með beiðni í innsigliðu umslagi, og endurskoða í því samhengi þá framkvæmd að taka fanga af skráningarlista fyrir læknaviðtöl með vísan til að beiðni um viðtal sé tilefnislaus. Hér er haft í huga mikilvægi heilbrigðisþjónustu fyrir fanga og sú staða að þeir geta ekki sótt sér slíka þjónustu á eigin spýtur.

Eins og fyrirkomulagið er núna þá skrá fangar sig á læknaalista sem fer svo til lækna og hjúkrunarfræðinga. Þeir þurfa ekki að bera upp erindi sín áður.

12. Upplýsingagjöf, skráning o.fl.

Gæta þarf að upplýsingagjöf til fanga við upphaf vistunar, m.a. að hún sé á tungumáli sem fangi skilur, skriflega eða munnlega, og að ekki sé gerður greinarmunur á

gæsluvarðhaldsföngum í lausagæslu og einangrun þegar kemur að upplýsingum um vistunina.

Í vinnslu er að útbúa sérstakt upplýsingablað fyrir gæsluvarðhaldfanga í einangrun. Er sú vinna komin langt á veg. Nýlega er einnig farið að birta innkomupakkann fyrir öllum gæsluvarðhaldsföngum í einangrun.

Bæta þarf skráningu í tengslum við valdbeitingu og íþyngjandi ákvarðanir, s.s. agaviðurlög, öryggisvistun og klefaleit, í samræmi við skilyrði laga nr. 15/2016, um fullnustu refsinga og þau atriði sem rakin eru í kafla 2.2.

Búið er að bæta verulega úr öllu sem viðkemur skráningu og varðveislu á gögnum með breyttum verkferlum og agaðri vinnubrögðum.

Virðingarfyllst


Halldór Valur Pálsson
Forstöðumaður fangelsisins Hólmsheiði